

## 7. gr.

Stjórnin skal bera ábyrgð á eignum sjóðsins, taka á móti umsóknum eða ábendingum um styrki úr honum, og taka ákvörðun um styrkveitingu.

Halda skal gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana ákvarðanir stjórnarinnar. Stjórnin skal halda a.m.k. tvo fundi árlega, vor og haust, og skal úthlutun úr sjóðnum fara fram á haustfundinum, sem haldinn skal eigi síðar en 1. október.

## 8. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera frá 1. júlí til jafnlengdar að ári.

## 9. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema allir stjórnarmenn séu breytingunni samþykkir.

## 10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

**REGLUGERÐ****um bensíngjald.**

## 1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19. Frá og með 1. nóvember 1987 skal gjald þetta nema kr. 12,60 af hverjum lítra.

## 2. gr.

Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða sem til eru í landinu hinn 1. nóvember 1987. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda eða ekki.

Hafi gjald skv. 1. gr. reglugerðar nr. 515/1986 verið greitt af birgðum sem til eru hinn 1. nóvember 1987 skal greiða kr. 2,11 af hverjum lítra slíkra birgða sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá, sem á eða hefur til umráða 300 lítra af bensíni hinn 1. nóvember 1987 skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga frá bensíninnflytjendum og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 1. nóvember 1987.

## 3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal heimilt að gera innflutningsgjald af bensíni upp miðað við sölu birgða. Frestur til greiðslu gjaldsins til innheimtumanns ríkissjóðs skal þó aldrei vera lengri en svo að gjaldið sé greitt áður en tveir mánuðir eru liðnir frá lokum solumánaðar.

## 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur reglugerð nr. 515/1986 úr gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 29. október 1987.*

**Jón Baldvin Hannibalsson.**

*Lárus Ögmundsson.*